

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum götum:  
**Freyjugötu**, suðvestan megin götunnar og meðfram gæzluleikvelli norðaustan götunnar.  
**Bergþórugötu** norðan megin frá Snorrabraut að Barónsstíg.  
**Geirsgötu**, vestan Kalkofnsvegjar að Austurbakka.
2. Samþykkt að setja stöðumæla við **Lækjargötu** austanverða frá Bankastræti að Amtmannsstíg.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. ágúst 1962.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 117.

1. júní.

## ERINDISBRÉF

### fyrir fræðsluráð.

#### I. Skipan fræðsluráða og aðalverksvið.

##### 1. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, skal sú sýslan, sem fjölmennari er, kjósa 3 fræðsluráðsmenn, en hin tvo. Fræðsluráð kýs sér formann úr sínum hópi, enn fremur varaformann og ritara.

##### 2. gr.

Fræðsluráð hefur á hendi stjórn skólamála í fræðsluhéraðinu undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar, eftir því sem nánar er tiltekið í erindisbréfi þessu.

Fræðsluráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um stofnun gagnfræðastigsskóla í sínu héraði, svo og um stofnun húsmæðraskóla.

#### II. Skipting í skólahverfi og stofnun skóla.

##### 3. gr.

Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.

Fræðsluráð skal aðstoða fræðslumálastjóra við skipulagningu fræðsluhéraðsins í skólahverfi, bæði með tilliti til barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, þannig að sem hagfeldast verði í sambandi við skólasókn og rekstur skólanna. Keppt skal að því, að skólahverfi verði hæfilega stór, og skulu þar fremur ráða staðhættir en hreppa- eða sýslumörk.

## 4. gr.

Fræðsluráð semur í samráði við hlutaðeigandi skólanefndir áætlun um, hvar gagnfræðastigsskólar skuli starfa í héraðinu. Náist ekki samkomulag milli fræðsluráðs og skólanefndar, sker fræðslumálastjórn úr ágreiningnum. Ekki verður skóli stofnaður né honum valinn staður, nema samþykki fræðslumálastjórnar komi til.

Skólar gagnfræðastigsins skulu vera sérstakir skólar og starfa í eigin húsnæði, þar sem því verður við komið. Í skólahverfum utan kaupstaða skal þó unglingaskóli fyrir fræðsluskylda nemendur að jafnaði starfa í sambandi við barnaskólann. Má þá fela skólastjóra barnaskólans að hafa einnig forstöðu unglingaskólans.

## III. Um fræðsluskyldu.

## 5. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára, en áður en það er gert, skal leita umsagnar fræðsluráðs.

Áður en fræðsluskylda er framlengd til 15 eða 16 ára aldurs, skal fræðsluráð athuga aðstöðu hlutaðeigandi skólahverfa til þess að sú ráðstöfun komi að tilætludum notum, og beita áhrifum sínum til úrbóta eftir föngum.

## 6. gr.

Nú sækir skólanefnd í skólahverfi barnaskóla í sveit um, að skólaskylda hefjist ekki í skólahverfi hennar fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, og getur fræðsluráð þá veitt undanþágu að fengnum meðmælum námstjóra.

## IV. Ýmis ákvæði.

## 7. gr.

Heimilt er að fela fræðsluráði störf skólanefnda gagnfræðastigsskóla, svo og barnaskóla í kaupstöðum, ef fræðslumálastjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd eru sammála um það. Um leið falla þau réttindi og skyldur í hlut fræðsluráðs, sem skólanefndum eru ákveðin í erindisbréfi fyrir skólanefndir.

## 8. gr.

Auk þeirra starfa, sem fræðsluráði eru ákveðin í erindisbréfi þessu, skal það vera vel á verði um allt það, er verða má skóla- og uppeldismálum héraðsins til gagns, hvort heldur er um fræðsluskylt fólk að ræða eða ekki.

## 9. gr.

Fræðsluráð heldur fundi, þegar þörf krefur, einnig ef 2 fræðsluráðsmenn eða námstjóri óska þess.

## 10. gr.

Námstjórar og skólastjórar gagnfræðastigsins eiga rétt til setu á fundum fræðsluráðs í sínu héraði, þegar rædd eru mál viðkomandi skóla. Hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að veita kennurum gagnfræðastigsins aðgang með sömu réttindum að fundum fræðsluráðs, þegar þeir óska þess.

## 11. gr.

Halda skal gerðabók um fundi og allar samþykktir fræðsluráðs. Allir viðstaddir fræðsluráðsmenn undirrita gerðabókina. Jafnan skal senda fræðslumálastjóra afrit af samþykktum fræðsluráðs.

## 12. gr.

Kostnaður við störf fræðsluráðs greiðist úr hlutaðeigandi sýslu- eða bæjar-sjóði.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, og lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

*Menntamálaráðuneytið, 1. júní 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## ERINDISBRÉF

fyrir skólanefndir í barna- og gagnfræðastigsskólum.

### I. Skipan skólanefnda og höfuðmarkmið.

## 1. gr.

Skólanefndir skulu kosnar eða skipaðar samkvæmt ákvæðum laga fyrir hlutaðeigandi skóla.

## 2. gr.

Skólanefnd hvers skóla hefur á hendi stjórn þeirra mála, er skólann varða, undir yfirumsjón fræðslumálastjóra samkvæmt því, er nánar greinir í erindisbréfi þessu.

Í störfum sínum ber skólanefnd að keppa að því, að nemendur hljóti sem bezta aðstöðu til þess að öðlast þá fræðslu, sem ætlazt er til, að skólinn veiti, hverjum eftir sínum aldri og þroska.

### II. Um fræðsluskyldu, skólaskyldu o. fl.

## 3. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðsluráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslumálastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

## 4. gr.

Börn og unglingar á fræðsluskyldualdri eru skólaskyld, nema þeim hafi verið veitt undanþága frá skólagöngu.

Undanþegnir skólaskyldu eru:

- a) nemendur á barnaskólaaldri í þeim skólahverfum, þar sem skólanefnd hefur fengið samþykki fræðsluráðs fyrir, að skólaskylda hefjist ekki fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur,